

**Sæbýli ehf óskar eftir álitni Skipulagsstofnunar
um hvort starfsemi þess heyri undir mat á umhverfisáhrifum.**

Sæbýli ehf á og rekur sæeyrnaeldisstöð á Eyrarbakka með framleiðslugetu upp á um 70 tonn á ári. Nú er gert ráð fyrir því að fullri framleiðslu þar verði náð 2024. Sæeyru er eitt af verðmætasta sjávarfangi sem kemur upp úr hafinu og stærsta markaðssvæðið er í Asíu.

Sæeyrun sem Sæbýli er með í eldi eru sæsniðlar af tegundinni *haliotis discus hannai* ættað frá Japan og *haliotis rufescens* ættað frá Kaliforníu.



Haliotis discus hannai



Haliotis rufescence

Sæeyrun lifa á 2 til 20 metra dýpi á hlýum og tempruðum svæðum og lifa á þara sem að þeim rekur.

Sæbýli hefur núna fest kaup á Ægisgötu 1 í Grindavík, 3200 fermetra húsnæði sem það ætlar að nota til framleiðslu á ungvíði sem fer síðan í áframeldisstöðvar sem byggðar verða á næstu árum. Sæbýli er að undirbúa umsóknir fyrir starfsleyfi frá HESS og Rekstrarleyfi frá Mast.

Sæbýli ehf kt. 521007-0600 óskar eftir að Skipulagsstofnun taki afstöðu til hvort starfsemi þess sé matsskyld.

Starfssvæði sem nú er sótt um er Ægisgata 1 240 Grindavík. Húsið var upphaflega byggt sem fiskvinnsluhús og starfsemin krefst enngar breytinga á því húsi.

Allt eldi félagsins fer fram á landi í SustainCycle eldiskerfinu sem félagið hefur þróað undanfarin ár.

Kostir SustainCycle og staðsetningar þess:

1. 80% til 90% eldisvökvans er hreinsaður og endurnýttur.
2. Eldiskerfið félagsins er hannað með sjálfbærni í huga til þess að lágmarka öll umhverfisáhrif.
3. Eldiskerfið félagsins er hannað þannig að lítið sem ekkert fóður fer til spillis og því koma nánast engar fóðurleyfar frá eldinu.
4. Viðtakinn fyrir utan eldisstöð félagsins er opið Atlandshafið.
5. Nákvæmt bókhald er haldið yfir allt eldi félagsins.
6. Einungis er notuð vistvæn orka til eldisins.

Stærð eldisstöðvar verður undir 200 tonnum, húsrýmið leyfir 190 tonna eldi. Eldisvökvinn er endurnýttur allt að 90% á sólarhring. 190 tonna eldi þarf u.þ.b 10 lítra á sekúndu.

Nú þegar hefur verið borað eftir ferskum sjó við húsvegginn, holan er 40 metra djúp og sjógæði eru góð. Eldiskerfið er hannað af Sæbýli til þess að ala í sæeyru og hugsanlega fleirri botnlæg sjávardýr á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Kerfið er byggt upp með eldisrennum þar sem eldisrennurnar eru byggðar inn í rekkakerfi þar sem þær eru mjög aðgengilegar til sjónræns eftirlits.

Eldisvökvinn er hreinsaður í uppstreymissíu sem tekur bæði grugg og breytir amóníaki yfir í nitriti og nitriti síðan yfir í nítrat. Við teljum að þessar síur séu hæfar til þess fá einkaleyfi á.

Fóðrun á sér stað einusinni á dag og það er fóðrað tiltölulega nákvæmlega það magn sem dýrin þurfa.

Fóðurstuðull í kerfinu er í kringum 0,7 sem þíðir að mjög lítið af fóðri fer til spillis.

Meðfylgjandi er skýrsla um rannsókn sem Matis gerði um losun kerfisins.



Myndin sýnir staðsetningu Ægisgötu 1, bláa línan sýnir hvar frárennslið fer út og borholan er síðan á horninu vinnstrameginn þar sem rauðþakið er.

Vinnsamlegast látið mig vita ef frekari upplýsingar vantar.

Virðingarfyllst,
Ásgeir Eiríkur Guðnason.
Framkvæmdastjóri Sæbýlis ehf.